

**Ásmundur Sveinsson**

Sigurður Guðmundsson, Brynhildur  
Þorgeirsdóttir, Jóhann Eyfells,  
Helgi Gíslason, Ólöf Nordal

**Undir sama  
himni**  
Under the  
Same Sky

**List í almenningsrými**  
Art in Public Spaces

# Ásmundur Sveinsson Undir sama himni – list í almenningrými

**Við eigum að vera þátttakendur í sköpun bæjanna, setja okkar svip á þá.**  
(Á.S. 1965)

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) var staðfastur á sínum skoðunum um hlutverk listamanna og að verk þeirra ættu að vera öllum aðgengileg. Þau væru mikilvægur hluti bæjarskipulags, auðguðu borgir og bæi. Flestar höggmyndir hans voru gerðar með það fyrir augum að geta prýtt nærumhverfi fólks.

Saga listar í almenningrými á Íslandi er ekki löng. Fyrstu heimildir má rekja til fyrri hluta 19. aldar í umræðu Fjölnismanna um minnismerki og bæjarskipulag og hugmyndir Kvöldfélagsins um stytta af fyrsta landnámsmanninum. Árið 1875 reis sjálfsmynd myndhöggvarans Bertels Thorvaldsen (1770–1844) á Austurvelli. Þessi gjöf Dana á þúsund ára afmæli Íslandsbyggðar var fyrsta opinbera útilistaverkið í landinu. Í kjölfar þess að fyrstu Íslendingarnir fóru utan í listnám um aldamótin komu fram minnisvarðar sem styrktu sjálfsmynd þjóðar í miðri baráttu fyrir sjálfstæði. Fyrsta verkið í almenningrými eftir Íslending var stytta af ljóðskáldinu ástsæla, Jónasi Hallgrímssyni, eftir Einar Jónsson (1874–1954). Nokkrir minnisvarðar voru síðan gerðir af helstu hetjum sögunnar og sjálfstæðisbaráttunnar. Ungir listamenn í aldarbyrjun voru hvattir til þess að gera arfleifðinni hátt undir höfði og kafa ofan í sagnabrunn þjóðarinnar. Þangað sóttu margir innblástur sinn, þeirra á meðal Ásmundur Sveinsson, eins og glögg má sjá á fyrri hluta ferils hans.

Í verkum Ásmundar sem spanna lungann af 20. öld kemur fram sú mikla þróun sem átti sér stað í stefnum, straumum og handverki höggmynda. Hann frelsaði sig frá hinni upprunalegu hugmynd um minnisvarða, fór í gegnum auðugt tímabil figúratífrar frásagnarlistar og vann síðustu áratugina óhlutbundnar og frjálsar form- og efnistilraunir. Á sama tíma tók viðhorf almenning til útilistaverka miklum breytingum. Skoðanir á ágæti ýmissa opinberra verka á hverjum tíma hafa orðið uppspretta að hörðum umræðum og jafnvel deilum og hafa

sum verkanna ekki hlotið uppreist æru fyrr en löngu seinna. *Vatnsberinn* eftir Ásmund var sem dæmi færður á þann stað sem hann átti upphaflega að standa áratugum eftir að stytta var fyrst gerð.

Árið 2019 eru yfir 180 útilistaverk á skrá Listasafns Reykjavíkur. Í borgarlandinu er mun fleiri listaverk að finna en þau eru ýmist í eigu ríkis, stofnana eða einkaaðila. Færst hefur í vöxt að viðamikil listaverkasamkeppni sé haldin í tengslum við framkvæmdir á stórum byggingarreitum í Reykjavík, s.s. fyrirhugað er við Vogabyggð og Kirkjusand. Sú staðreynd bendir til þess að hugmyndir listamanna eins og Ásmundar um samþættingu myndlistar og umhverfis hafi borið ávöxt.

Sýningin Undir sama himni og samhliða röð einkasýninga starfandi listamanna eru haldnar í tilefni þess að árið 2019 er ár listar í almenningrými hjá Listasafni Reykjavíkur. Safnið gerir útilistaverkum hátt undir höfði með veglegri dagskrá, miðlun og viðburðum. Undir sama himni er ætlað að varpa ljósi á þau fjölmörgu verk sem Ásmundur Sveinsson á í borginni og víða um land. Hugmyndir hans um samspil umhverfis og listar eru reifaðar með sýningu á verkum sem eiga það sameiginlegt að standa undir sama himni. Ásmundargarður er viss útgangspunktur í vali á verkum. Verkin innandyra á sýningunni veita ennfremur sýn á þau stærri verk sem Ásmundur fullkláraði og kom fyrir um víðan völl. Dregnar eru fram frummyndir og skissur í mismunandi hlutföllum og efni sem varpa ljósi á þróun útilistaverka Ásmundar.

Á sama tíma munu fimm starfandi íslenskir listamenn halda hver sína einkasýningu fram eftir árinu. Þeir eiga það sameiginlegt að setja svip á borgina með verkum sínum, hver á sinn hátt. Um er að ræða allt frá minnisvörðum til verka sem eru órjúfanlegur hluti af umhverfinu og fá fólk til þess að staldra við. Sýningarnar opna þann hugarheim sem liggur að baki útilistaverkum sem við þekkjum úr umhverfinu.

Sýningarstjórar eru Yean Fee Quay og Sigurður Trausti Traustason.

# Ásmundur Sveinsson Under the Same Sky – Art in Public Spaces

***We are meant to participate in the planning of towns, make our mark there.***  
(Á.S. 1965)

Ásmundur Sveinsson (1893–1982) held fast to his beliefs of what was the role of the artist and that artworks should be accessible to everybody. He considered art to be an important part of town planning; that they enriched towns and cities. Most of his sculptures were created with an aim of being used to decorate people's surroundings.

The history of art in public spaces in Iceland is not a long one. The first documented sources date from the first half of the 19th century, from a discussion of the Fjölínir group on memorials and town planning, and the ideas of the Evening Society to create a statue of the first settler. In 1875, a self-portrait by sculptor Bertel Thorvaldsen (1770–1844) was installed in Austurvöllur. This gift from the Danish people to mark the millennium of settlement in Iceland was the first outdoor artwork in the country. When the first Icelanders started going abroad to study art around 1900, memorials were created to strengthen the identity of a nation who was seeking for independence. The first artwork in a public space, created by an Icelandic artist, was the statue of the famous poet Jónas Hallgrímsson by sculptor Einar Jónsson (1874–1954). Later, more monuments were erected for other famous men and independence heroes. At the beginning of the century, young artists were encouraged to focus on Icelandic heritage and seek inspiration in the nation's stories. Many of them did, including Ásmundur Sveinsson, as is evident from the first half of his career.

Ásmundur's work, which spans most of the 20th century, clearly shows the enormous progress which took place during that time in movements, trends and the art of sculpture. He liberated himself from the original idea of a monument, went through an abundant phase of figurative narrative art, and spent his last decades experimenting with abstract and free form and materials. Meanwhile, the public's attitude towards outdoor art was transformed. Different opinions on the quality of many public artworks have at

any given time resulted in heated debates and even arguments, and some of the work has not been properly acknowledged until much later. For example, *The Water Carrier* by Ásmundur was first installed in its originally intended location decades after the statue was created. In 2019, there are over 180 outdoor artworks registered with Reykjavík Art Museum. The urban landscape contains many more, owned by the state, institutions or individuals. Increasingly, artwork competitions are held in relation to the planning of large developing areas, such as in Vogabyggð and Kirkjusandur. This indicates that the ideas of artists like Ásmundur about the integration of art and its environment have been fruitful.

The exhibition *Under the Same Sky*, and the corresponding series of solo exhibitions of contemporary artists, celebrates the fact that at Reykjavík Art Museum, 2019 is the year of art in public spaces. The museum focuses on outdoor artwork with a extensive program, and events. *Under the Same Sky* is intended to throw a light on the numerous works by Ásmundur Sveinsson all over Reykjavík and Iceland. His ideas of the interplay between environment and art are summed up in an exhibition of pieces which all are assembled under the same sky. The sculpture garden is a starting point in choosing the work. The indoor work in the exhibition also explain the larger pieces which Ásmundur finalised and installed around the country. The originals and sketches in different proportions are also shown, along with materials which further illuminate the development of Ásmundur's outdoor art.

Simultaneously, five contemporary Icelandic artists will each have their own exhibitions during the year. They have all made their mark on the city with their work, each in their own way. This includes everything from monuments to work that is integral to its environment and makes people stop and think. The exhibitions offer a view of what lies behind the outdoor artwork which we know from our environment.

Curators are Yean Fee Quay and Sigurður Trausti Traustason.

# Útilistaverk Ásmundar Sveinssonar

Public Sculptures by Ásmundur Sveinsson

**H** Hafnarhús  
**K** Kjarvalsstaðir  
**Á** Ásmundarsafn

- 1 Járnsmiðurinn** The Blacksmith 1936/1955
- 2 Sæmundur á selnum** Sæmundur on the Seal's Back 1927
- 3 Piltur og stúlka** Boy and Girl 1931–33/1955
- 4 Andlit sólar** Face of The Sun 1961/1969
- 5 Fýkur yfir hæðir** Moorland Flight 1933
- 6 Björg C. Þorláksson** Björg C. Þorláksson 1928/2001
- 7 Vatnsberinn** The Water Carrier 1937/1967
- 8 Gegnum hljóðmúrinn** Through the Sound Barrier 1952/1966
- 9 Þvottakona** Washerwoman 1937
- 10 Móðir jörð** Mother Earth 1936
- 11 Systur** Sisters 1934
- 12 Óldugjálfur** Rippling of the Waves 1952/1966
- 13 Einar Benediktsson** Einar Benediktsson 1964
- 14 Höggmyndagarður við Ásmundarsafn**

Ásmundur Sveinsson Sculpture Garden

  - Sæmundur á selnum** Sæmundur on the Seal's Back 1927
  - Ljóðið um rokkinn** Spinning Wheel Poem 1962
  - Eldgos** Volcanic Eruption 1960
  - Þvottakona** Washerwoman 1936
  - Nafnlaust – abstraction** Abstraction
  - Sonatorrek** Lament for Lost Sons 1948
  - Tróllkona** Giantess 1948/1975
  - Veðurspámaður** Weather Teller 1934/1939
  - Garðyrkjumaður** Gardener 1934
  - Móðir jörð** Mother Earth 1936
  - Vatnsberinn** The Water Carrier 1937/1967
  - Jónsmessunótt** Midsummer Night 1940
  - Tónar hafsins** Tones of the Sea 1950/1968
  - Móðir mín í kví, kví** Mother Mine in the Pen, Pen 1943
  - Gólfþvottur** Washing the Floor 1950
  - Kona að strokka** Woman with a Churn 1934
  - Helreiðin** Hell Ride 1944/1965
  - Piltur og stúlka** Boy and Girl 1931–33/1955
  - Fýkur yfir hæðir** Moorland Flight 1933
  - Stríð og flótti** War and Flight 1943
  - Andvarp** Sigh 1948
  - Systur** Sisters 1934
  - Kossinn** The Kiss 1924
  - Galdramaður** Sorcerer 1946
  - Kona með Amor** Woman with Amor 1927
  - Dýrkun** Worship 1940
- 15 Kraftur konunnar** Woman's Force 1967
- 16 Barnið og fiskurinn / Drengur með fisk** Child with Fish 1945
- 17 Björgun úr sjávarháská** Saving A Life 1936/1983
- 18 Undir friðar og landnámsól** Beneath the Sun of Peace and Settlement 1972–1974
- 19 Fýkur yfir hæðir** Moorland Flight 1933
- 20 Móðir mín í kví kví** Mother Mine in the Pen, Pen 1943
- 21 Kona að strokka** Woman with a Churn 1934

H

5

7

4

3

1

8


17

15

2

6

Hafnarfjarðarv.



Sæbraut

13

16

14

Á

9

11

10

Suðurlandsbr.

Miklabraut

12

Kringlumýrarbraut

Bústaðavegur

18

21

Nýbýlavegur

Reykjanesbraut

19

20

Breiðholtsbr.

Arnarnesv.

K

# Listamenn

## Artists

### Ásmundur Sveinsson (1893–1982)

Ásmundur Sveinsson ólst upp í sveit í Dölunum og hóf námsferil sinn sem listamaður hjá Ríkarði Jónssyni myndskera 22 ára gamall. Þá fór hann til Danmerkur í listnám og þaðan til Svíþjóðar og að lokum til Parísar í Frakklandi. Eftir að Ásmundur fluttist heim reisti hann tvær byggingar þar sem hann bjó og var með vinnustofu sína. Listasafn Reykjavíkur starfrækir nú safn um verk hans í annarri þeirra, Ásmundarsafni í Laugardal. Ásmundur sótti innblástur í íslenskar sagnir og þjóðtrú og í form náttúrunnar. Síðar urðu ýmsar tækninýjungar 20. aldar honum hugleiknar. Ásmundur var afkastamikill listamaður. Verkum hans hefur verið komið fyrir á opinberum stöðum víða um land og er það í anda hugmynda hans um að listin eigi ekki að vera fyrir fáa útvalda heldur hluti af daglegu lífi allrar alþýðu. Ásmundur Sveinsson lést árið 1982, 89 ára gamall.

Ásmundur Sveinsson grew up in the countryside, in Dalir, and started his art studies with sculptor Ríkarður Jónsson at the age of 22. He later studied art in Denmark, then Sweden and finally in Paris, France. Upon his return to Iceland, he built two houses where he lived and had his studio. Reykjavík Art Museum now runs a museum, dedicated to his work, in one of them, Ásmundarsafn in Laugardalur. Ásmundur sought inspiration in Icelandic myths and folktales, and in the forms of nature. Later, he became preoccupied with various technological novelties of the 20th century. Ásmundur was a prolific artist. His work can be seen in public places around the country, and this is in accordance with Ásmundur's beliefs that the art is not meant for the chosen few, but a part of the everyman's daily life. Ásmundur Sveinsson died in 1982, at the age of 89.

### Sigurður Guðmundsson (1942)

Sigurður Guðmundsson lagði stund á listnám hér á landi á árunum 1960–1963 en hélt síðan til framhaldsnáms í Hollandi. Hann býr og starfar í Reykjavík, Kína og Hollandi. Víða er að finna stórar höggmyndir eftir Sigurði í opnu rými, bæði á Norðurlöndum og Mið-Evrópu. Sigurður hefur unnið fjölmargar samkeppnir og má þar nefna samkeppni um útilistaverk við Barnaspítala Hringisins og útilistaverk á vegum

Reykjavíkurborgar í tilefni aldamótanna. Þegar Sigurður er spurður að því hvaða hugmynd liggja að baki verkum hans svarar hann á þessa leið: „Það er engin hugmynd á bak við listaverkið – ég reyni að vinna ekki með hugmyndir.“ Þó byggist ferill Sigurðar á grunni konseptlistar þar sem áherslan er á tungumál, hugtök og hugmyndir. Hann vinnur í fjölda miðla, ljósmyndir, höggmyndir, teikningar, grafík og gjörninga, en hefur líka samið tónverk og skrifað bækur.

Sigurður Guðmundsson studied in Iceland in 1960–63 and then moved to Holland for further studies. He lives and works in Reykjavík, China and Holland. Many, large sculptures by him can be found in public spaces in the Nordic Countries and Central Europe. Sigurður has won many competitions, including a competition for an outdoor artwork by the Children's Hospital, and for outdoor artwork to mark the turn of the century in Reykjavík. When asked about the ideas behind his works, he answers: "There is no idea behind the artwork – I try not to work with ideas." However, his career is based on conceptual art, with focus on language, ideas and concepts. He used various media; photos, sculpture, drawings, graphic art and performances, and has also composed music and written books.

### Brynhildur Þorgeirsdóttir (1955)

Brynhildur Þorgeirsdóttir stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Gerrit Rietveld Academie í Hollandi og California College of Arts and Crafts, auk sérnáms í gleri við Orrefors í Svíþjóð og Pilchuck Glass School í Bandaríkjunum. Verk Brynhildar er að finna í öllum helstu söfnum landsins, auk safna í ýmsum löndum austan hafs og vestan. Hún hefur hlotið styrki og viðurkenningar fyrir verk sín og meðal annars tvisvar fengið úthlutun úr The Pollock-Krasner Foundation. Af verkum í almenningsrýmum má nefna *Landslagsmynd* í Garðabæ, *Klett* sem stendur við Leirvoginn í Reykjavík, og *Pendúl hússins* í Menntaskólanum í Kópavogi.

Brynhildur Þorgeirsdóttir studied at The Icelandic College of Art and Crafts, at the Gerrit Rietveld Academie in Holland and the California College of Arts and Crafts, as well as specialising in glass at

Orrefors in Sweden and Pilchuck Glass School in USA. Brynhildur's work can be found in all major museums in Iceland, as well as many museums on both sides of the Atlantic. She has received grants and awards for her work, including two grants from The Pollock Krasner Foundation. Her works in public spaces include *Landscape* in Garðabær, *Cliff* in Leirvogur in Reykjavík, and *Pendúll hússins* in Menntaskólinn in Kópavogur.

### Jóhann Eyfells (1923)

Jóhann Eyfells lagði fyrst stund á arkitektúr og útskrifaðist af því sviði árið 1953. Árið 1964 útskrifaðist hann með meistaragráðu í myndlist. Árið 1969 var hann ráðinn sem prófessor í skúlpúr við University of Central Florida. Hann hefur æ síðan verið búsettur í Bandaríkjunum, lengst af í Florida. Jóhann hefur notið umtalsverðrar virðingar fyrir verk sín og vinnubrögð. Hann var fulltrúi Íslands á Fenejvatvíæringnum árið 1993 ásamt Hreini Friðfinnssyni. Hann byrjaði snemma á sjötta áratugnum að skapa abstrakt skúlpúra sem byggðust á tilraunum í eðlis- og efnafræði og sérstaklega um-breytingu málma við steypu. Tilraunir leiddu Jóhann að stíl sem hann kallar „receptualisma“ en þar renna að hans sögn þrjú kerfi í eitt: Vísindi, heimspeki og dulhyggja.

Jóhann Eyfells first studied architecture and graduated as such in 1953. In 1964, he also graduated with a Master's degree in fine arts. In 1969, he was appointed Professor of Sculpture at the University of Central Florida, and has lived in USA ever since, mainly in Florida. Jóhann has gained considerable respect for his work and methods. He represented Iceland at the Venice Biennale in 1993 along with Hreinn Friðfinnsson. Early in the 1950's, he started creating abstract sculptures which were based on experiments in physics and chemistry, particularly the transformation of metal against concrete. Through his experiments, Jóhann has developed a style which he calls "receptualism" where, according to him, three systems merge into one: Science, philosophy and mysticism.

### Helgi Gíslason (1947)

Helgi Gíslason er fæddur í Reykjavík. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1965–71 og fór síðan til náms í Valands listaháskólanum í Gautaborg 1971–1976. Helgi er vel þekktur fyrir þrívíðar höggmyndir sínar, sem eru flestar steyptar í brons. Hann hefur sýnt verk sín bæði hér á landi og erlendis. Helgi á nokkur sjálfstæð verk og minnisvarða í almenningsrymum borgarinnar og gerði meðal annars altarið í Fossvogskirkju og bronsdyr

Seðlabanka Íslands. Verk hans eru af klassiskum toga og fjalla oft um manninn, sem tekst á við tilvist sína og tjáir litróf tilfinninganna.

Helgi Gíslason was born in Reykjavík, studied at The Icelandic College of Art and Crafts in 1965–71 and Valand Academy in Gothenburg in 1971–76. Helgi is well known for his three-dimensional sculptures most of which are in bronze. He has exhibited widely in Iceland and abroad. He has a few independent pieces and memorials in public places in Reykjavík, including the altar in the church in Fossvogur and the bronze door of The Central Bank of Iceland. Helgi's sculptures are of classical ilk where he deals with human existence and expresses the spectrum of feelings.

### Ólöf Nordal (1961)

Ólöf Nordal vísar gjarnan í verkum sínum til þjóðsagnaarfsins, þjóðlegrar arfleifðar og menn-ingarlegs minnis sem hún setur í nútímalegt samhengi. Náttúran og tengsl okkar við landið eru henni einnig hugleikin. Ólöf nam textillist við Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þá tók við nám í Cranbrook Academy of Art í Michigan og árið 1993 útskrifaðist hún frá höggmyndadeild Yale háskóla. Ólöf leitast við að kanna og rannsaka byggingarefni goðsagna, hún leitar uppi það sem fellur utan hins hefðbundna og verður þannig uppspretta safna og trúar. Verk Ólafar varpa iðulega ljósi á málefni líðandi stundar um leið og þau vísa bæði fram og aftur í tíma.

Ólöf Nordal often references Icelandic folktales, national heritage and cultural motifs which she places in a modern context. She is also preoccupied with nature and our connection to the land. Ólöf studied textile art at The Icelandic College of Art and Crafts, and later at Cranbrook Academy of Art in Michigan. In 1993, she graduated from the sculpture department of Yale University. In her work she attempts to explore and examine the structural material of mythical tales, she looks for things that fall outside the traditional classification systems and thus become a source for museums and religion. Ólöf's work often cast a new light on the events of the present, as well as referencing both the past and the future.

## Ásmundur Sveinsson

### Undir sama himni – list í almenningsrými

Under the Same Sky – Art in Public Spaces

19.01.2019–31.12.2019

## Sigurður Guðmundsson

19.01.2019–31.03.2019

## Brynhildur Þorgeirsdóttir

06.04.2019–10.06.2019

## Jóhann Eyfells

15.06.2019–25.08.2019

## Helgi Gíslason

31.08.2019–03.11.2019

## Ólöf Nordal

09.11.2019–31.12.2019

### Nánari upplýsingar um leiðsagnir og dagskrá á vefsíðu safnsins

Further information on guided tours  
and programme the museum's website

### Stórir og smáir hópar geta einnig bókað sérleiðsögn

Small or large groups can book  
guided tours online



#### Ásmundarsafn

Sigtúni  
Reykjavík  
+354 411 6430

#### Opið maí–sept.

Frá 10.00 til 17.00  
Open May–Sept.  
10h00–17h00

#### Opið okt.–apríl

Frá 13.00–17.00  
Open Oct.–April  
13h00–17h00

#### listasafnreykjavíkur.is

[artmuseum.is](http://artmuseum.is)  
#listasafnreykjavíkur  
#reykjavikartmuseum

